

OYSTER PERPETUAL  
GMT-MASTER II

  
**ROLEX**

  
**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR  
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. febrúar 2016

7. tölublað | 10. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

## Vill skapa mótvægi við Davos

Michael Green vill mæla félags-  
lega samkeppnishæfni

Landsframleiðsla ekki nógu  
góður mælikvarði á velgengni

Íslendingar standa öðrum  
þjóðum framar

»6



»2

**Örbrugg húsum fer  
fjölgandi**

Bruggbylting að verða  
á Íslandi.

»4

**Aukin samkeppni  
erlendis frá**

Íslendingar þurfa að  
bregðast við sam-  
keppni frá erlendum  
risum.

»8

**Svipmyndin: Iða Brá  
Benediktsdóttir**

Nýr framkvæmdastjóri  
fjárfestingabankasviðs  
Arion.

»10

**Ögn við hagkerfið**

Lars Christensen skrifar  
áfram um Yellen og  
vaxtastefnu.

»12

**Skýringar banka-  
stjórnans hjákátlegar**

Stjórnarmaðurinn skrif-  
ar um Borgunarmálið.

## Rúmfatnaður fyrir hótél og sjúkrastofnanir

Vandaður rúmfatnaður 100% cotton satin með 300TH. 60/60µ.  
Sterk og endingargóð teygjulök, 100% cotton satin með 300TH.  
Gæða handklæði 500 gsm.  
Góðar sængur sem má þvo við 95° hita.  
Dýnuhlífar, þola þvott við 95°, rakaheldnar.

**EG** HEILD EHF

Stórhöfði 17 • 110 Reykjavík • Sími 5877685 • Netfang: elias@egheild.is • www.egheild.is





## SKJÓÐAN



## Minnisvarði um ríkisstjórn vestur á Melum

**VESTUR Á MELUM** er hola ein mikil og stór. Þar átti, og á kannski enn, að rísa Hús íslenskra fræða en ekki var varið meiri peningum til verkefnisins en svo að dugði fyrir grunninum, sem í daglegu tali er nefndur Hóla íslenskra fræða. Lengra náði ekki metnaður íslenskra ráðamanna.

**Í SITJANDI RÍKISSTJÓRN** er ofurkapp lagt á að vernda hvers kyns hluti og halda ásjónu höfuðborgarinnar sem líkastri því sem var á fyrri hluta síðustu aldar. Forsætisráðherrann hefur varið hálfum milljarði til að varðveita grjóttgarð sem var hluti af ásjón Reykjavíkurhafnar, séð frá sjó, í örfá ár um svipað leyti og Jónas frá Hríflu gegndi ráðherraembætti í kringum 1930. Því er haldið fram að kostnaðurinn við þessa varðveislu geti numið tveimur milljörðum eða meira þegar upp er staðið.

**RÍKISSTJÓRNIN** ætlar að verja a.m.k. 135 milljörðum næsta áratuginn til að viðhalda og vernda landbúnaðarkerfi, sem hefur fært matvælavæðinguna í hæstu hæðir hér á landi á sama tíma og bændur flosna frá búum vegna örbiðgöð, enda fer ekki nema fjórða hver króna sem varið er í landbúnaðarstyrki til bænda. Restin fer í milliliði og kerfið sjálft.

**STJÓRNVÖLD** færa örfáum aðilum tugi milljarða á silfurfati með því að veita þeim stórlega niðurgreiddan aðgang að dýrmætustu auðlindum þjóðarinnar. Á sama tíma gapir Hóla íslenskra fræða vestur á Melum sem minnisvarði

um einstaklega rislaga leiðtoga þjóðarinnar. Á sama tíma liggja fjarveikir sjúklingar á göngum myglaðs þjóðarsjúkrahúss og gleymast á skurðstofum vegna þess að fjármálaráðherraum er í mun að skila „hallalausum“ fjárlögum.

**RÍKISBANKINN** færir útvöldum vinum bankastjórnenda og vandamönnum ráðamanna eignir ríkisins nánast að gjöf og hagnaður þeirra á kostnað ríkisbankans er svo gríðarlegur að ef aðeins er litið til Borgunar og Setbergslandsins myndi hann duga til að fylla holuna vestur á Melum og reisa þar Hús íslenskra fræða.

**EN RÁÐAMENN** hafa engan áhuga á að vernda neitt lifandi. Steinhruða í löngu horfnum hafnarkanti sem öllum er sama um nema forsætisráðherra er vernduð, enda hefur hún ekkert menningarsögulegt gildi. En lifandi menning getur átt sig. Handritin, sjálfur bókmenntarfarur þjóðarinnar, sem á háttíðisdögum kenna sig við bækur og bókmenntir, eru best niðurráðin ofan í skúffu. Best ef sú skúffa væri í húsi sem löngu látinn húsameistari ríkisins teiknaði einhvern tímann í fyrndinni.

**STJÓRNARÞINGMENN** hneykslast á að opinberu fé sé varið til skapandi lista hér á landi þó að sannað sé að þeir peningar skili sér margfalt til baka í ríkiskassann og skapandi listir beri hróður landsins lengra en búvörusamningar og hafnarkantar.

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Umsjón Jón Hákon Halldórsson [jonhakon@365.is](mailto:jonhakon@365.is)

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir | Forsíðumynd Ernir Eyjólfsson

Netfang auglýsingadeildar [auglysingar@markadurinn.is](mailto:auglysingar@markadurinn.is) Veffang [visir.is](http://visir.is)

Sokkabandið kynnir

## OLD BESSASTAÐIR

eftir Sölu Guðmundsdóttur í leikstjórn Mörtu Nordal

Sýningar

14. febrúar – 20.30    27. febrúar – 19.00  
18. febrúar – 20.30    04. mars – 20.30  
20. febrúar – 20.30

„Byltingin er hafin! Til hamingju með Old Bessastaði!“  
– Kristín Ómarsdóttir

„Meinfyndið og beitt leikverk..talar beint inn í okkar samtíma.“  
– S.J. Fréttablaðið ★★★★★

„Allar vinna þær (leikkonurnar) vel úr efniviði sínum undir smekkvísri stjórn Mörtu Nordal...“ – P.T. Morgunblaðið



TJARNARBIÓ

Miðasala á miði.is



# Brugghúsabylgja er í uppsiglingu á Íslandi

Fimm íslensk örbrugghús selja framleiðslu sína í Vínbúðunum. Enn fleiri smærri brugghús hyggja á landvinninga. Stefán Pálsson, sagnfræðingur og bjór-áhugamaður, segir mikilvægt að starfrækja brugghúsin á landsbyggðinni.

Fimm örbrugghús framleiða bjór sem seldur er í Vínbúðunum. Það eru Gæðingur í Skagafirði, Kaldi á Árskógsströnd, Segull á Siglufirði, Steðji í Borgarfirði og Ölvisholt á Suðurlandi. Að auki er Einstök sem er brugguð hjá Vífilfelli og Borg brugghús sem er innan vébanda Ölgerðarinnar.

Það þýðir þó ekki að örbrugghúsin séu þar með upptalin því fjöldi minni örbrugghúsa bruggar fyrir einstaka veitingastaði og smærri hópa. Stefán Pálsson, sagnfræðingur og bjór-áhugamaður, segir þeim fara fjölgandi.

„Það er greinilegt að við erum dálítið að fara að sjá það að það er bylgja í uppsiglingu,“ segir Stefán. Heimabruggun sé vinsæl og svo sé hópur fólks sem vilji taka hana skrefinu lengra. „Þarna erum við að tala um minni brugghús og mörkin á milli hobbis og þeirra sem eru í atvinnustarfsemi eru orðin svolítið óskýrari,“ segir hann.

Eitt þeirra brugghúsa, sem nýlega hafa verið stofnuð, er í Vestmannaeyjum, en eigendurnir kalla það The Brothers Brewery. Öll tilskilin leyfi til áfengisframleiðslu hafa verið fengin og er leyfishafinn veitingastaðurinn Einsí kald. Framleiðslan er seld á veitingastaðnum.

„Flaggskipið okkar heitir Eldfjall og er Red-ale týpa. Hann inniheldur chili og söl og sölin eru tind í Eyjum,“ segir Kjartan Ólafsson Víðó, einn þeirra sem standa að brugginu. Kjartan segir að reynt sé að hafa eitthvað sem minnir á Vestmannaeyjar í bjórnum.

Kjartan segir að viðtökurnar við bjórnum hafi verið þannig að þeir félagarnir séu að velta fyrir sér hvort rétt sé að stofna sérstakt fyrirtæki um framleiðsluna og fá nýtt húsnæði þannig að hægt verði að framleiða í meira magni. Það sé vissulega draumurinn. „En við erum samt högværir og viljum ekki fara í of stórar framkvæmdir sem við gætum ekki staðið undir,“ segir hann.

Stefán segist telja að til þess að örbrugghús sé lífvænlegt þurfi að framleiða um sjötiú þúsund lítra á ári og menn þurfi að sjá sjálfir um framleiðsluna. Það þurfi lágmarks yfirbyggingu. Þá segir Stefán mikilvægt að vera með brugghúsin á landsbyggðinni, því það sé ekki nóg að höfða til bjór-áhugamann-



Bruggstarfsemin í Vestmannaeyjum hófst í kjallara hjá einum af aðstandendum bruggstarfseminnar en var svo færð yfir í bílskúr. AÐSEND MYND

Það er bylgja í uppsiglingu.

Stefán Pálsson bjór-áhugamaður



anna á höfuðborgarsvæðinu. „Þú vilt ná lókal-patriotismanum. Bæði viltu geta gert út á það að á ferðamannastöðunum eru alltaf einhverjir sem vilja fá eitthvað lókal. Og svo vill fólk líka kaupa framleiðslu frá sínu eigin heimasvæði.“ [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

## Vikan sem leið

**700 milljarða tap**

Námurisinn Anglo American tapaði 5,5 milljörðum dollara, eða tæplega sjö hundruð milljörðum íslenskra króna, fyrir skatt á árinu 2015. Tapað var tvöfalt meira en árið 2014. Anglo stefnir að því að selja eignir fyrir 3-4 milljarða dollara, 400-500 milljarða króna, til að bæta fjárhag sinn.

**1,5% hagvöxtur**

Hagvöxtur á evrusvæðinu mældist 1,5 prósent á árinu 2015. Á síðasta ársfjórðungi jókst hagvöxtur um 0,3 prósent, samkvæmt tölum Eurostat. Hagvöxtur innan Evrópusambandsins mældist 0,3 prósent á fjórða ársfjórðungi og 1,8 prósent á árinu. Hagvöxtur dróst saman, sem gefur vísbendingu um þörf á frekari aðgerðum til að auka hagsæld á svæðinu.

**362 eignir seldar**

Íbúðalánasjóður hefur tekið tilboðum frá fjárfestum í tíu eignasöfn sem boðin voru til sölu í opnu söluferli fyrir áramót. Í eignasöfnunum eru alls 362 eignir. Fimm tían eignasöfn voru auglýst til sölu fyrir áramót og bárust 43 kauptilboð í þau, en frestur til að skila inn tilboðum rann út í byrjun febrúar.

## Á döfinni

**Miðvikudagur 17. febrúar**  
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Vísitala leiguverðis á höfuðborgarsvæðinu.  
**VODAFONE** - Ársuppgjör 2015.  
**N1** - Ársuppgjör 2015.  
**Fimmfundur 18. febrúar**  
**SÍMINN** - Afkoma fjórða ársfjórðungs og ársuppgjör 2015  
**SJÓVÁ** - Fjórði ársfjórðungur 2015.

**Föstudagur 19. febrúar**  
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala byggingarkostnaðar fyrir mars 2016.  
**Þriðjudagur 23. febrúar**  
**ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS** - Viðskipti með atvinnuhúsnæði.  
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Mánaðarleg launavísitala í janúar 2016.  
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Greiðsluöfnunarf-

vísitala í mars 2016.  
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala kaupmáttar launa í janúar 2016.  
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vísitala lífeyris- skuldbindinga í janúar 2016.  
**Miðvikudagur 24. febrúar.**  
**HAGSTOFA ÍSLANDS** - Vinnurmarkaður í janúar 2016  
**visir** Allar markaðsupplýsingar

keldan  
dagatal viðskiptalífsins





**Fiskislóð 10**  
625 m<sup>2</sup> á 2. hæð

Skrifstofuhúsnæði á vinsælu svæði nálægt höfninni. Nýr sérinngangur á austurhlíð væntanlegur. Möguleiki á að innrétta eftir þörfum leigutaka.



**Lágmúli 9, 395 m<sup>2</sup>**  
6. hæð í lyftuhúsi

Til leigu bjart og fallegt skrifstofuhúsnæði á 6. hæð með sérlega fallegu útsýni. Hæðin hefur nýlega verið endurnýjuð.



**Hátún 2b**  
365 m<sup>2</sup> á 2. hæð

Vandaðar skrifstofur með parketi og gólfsíðum gluggum. Rúmgóð rými í kjallara bjóða upp á ýmsa nýtingarmöguleika



**Höfðabakki 9**  
416 m<sup>2</sup> á 5. hæð

Skrifstofuhúsnæði í glæsilegri byggingu á 5. hæð. Möguleiki á að innrétta og endurnýja eftir þörfum leigutaka.

**TIL LEIGU**

Allar nánari upplýsingar, myndir og teikningar, má nálgast á [www.reitir.is](http://www.reitir.is) og hjá Halldóri Jenssyni sölustjóra í **840 2100** eða [halldor@reitir.is](mailto:halldor@reitir.is).

Kringlan 4–12      103 Reykjavík      [www.reitir.is](http://www.reitir.is)      575 9000

**REITIR**

*Velkomin til starfa*



# Samkeppni frá útlöndum óumflýjanleg

Íslensk fyrirtæki þurfa í auknum mæli að takast á við samkeppni erlendis frá. Prófessor við London Business School telur að Íslendingar þurfa því að bæta viðskiptaumhverfið til að takast á við samkeppnina. Fyrirtækin þurfa að bregðast við með fjárfestingu í menntun.

„Landamæri samkeppnismarkaðar á Íslandi eru að breytast og aukin samkeppni erlendis frá getur verið erfitt,“ sagði Kristín Friðgeirsdóttir, prófessor við London Business School og stjórnarformaður Haga, í ræðu á Viðskiptaþingi í síðustu viku. Hún sagði að það væri erfitt að berjast gegn þessari erlendu samkeppni og því þyrfti að taka henni fagnandi.

Kristín lýsti því í ræðu sinni hvernig samkeppnin sem berst erlendis frá getur tekið á sig fjölbreytta mynd. „Þetta getur verið bein samkeppni þannig að fyrirtæki eru að setja á fót starfsemi á Íslandi eins og Costco er að gera. En svo getur það líka verið óbein samkeppni eins og með internetinu, eins og Netflix eða í ferðatösku svo sem barnaföt sem keypt eru í verslunum eins og H&M,“ sagði Kristín. Hún sagði þessa þróun vera óumflýjanlega. Hún benti á nýja könnun sem sýnir að 45 prósent Íslendinga versla erlendis og einnig þá staðreynd að þriðjungur Íslendinga verslar á netinu, yfirleitt við erlendar vefverslanir.

„Þetta er áskorun fyrir íslensk fyrirtæki því að eins og hefur komið hérna fram þá er framleiðni á Íslandi lág,“ sagði Kristín. Vegna þessarar lágu framleiðni gætu íslensk fyrirtæki orðið undir í samkeppninni við erlendu risana.

Kristín benti á að vegna þessarar áskorunar væri mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki að geta keppt á jöfnum grundvelli og búa við við-



Stór hluti Íslendinga fer á hverju ári til útlanda til að kaupa föt. H&M nýtur mikilla vinsælda. NORDICPHOTOS/GETTY

Þetta er áskorun fyrir íslensk fyrirtæki því að eins og hefur komið hérna fram þá er framleiðni á Íslandi lág,

Kristín Friðgeirsdóttir



skiptaumhverfi sem væri sambærilegt við viðskiptaumhverfið eins og það er erlendis. „Þá er ég að tala um skatta, tolla, regluverk og samkeppnisumgjörðina.“

Þá benti Kristín á að það væru ýmsar áskoranir sem lægiu fyrir, til dæmis viðskiptahindranir. Sagði hún að 2/3 af matarinnkaupum væru innlend framleiðsla og 40 prósent af því væru innlendar landbúnaðarvörur. Kristín benti á að opinbert regluverk skekkti samkeppnisstöðu á þessum markaði og ekki væru allir sammála um það hvaða skref mætti stíga til aukins sjálfræðis.

Kristín lagði áherslu á að stjórnvöld gætu opnað markaði enn frekar með því að einfalda regluverkið og hafa stofnanaumhverfið hagfellt og svipað því sem erlend verslun býr við. En það væri líka mikilvægt að fyrirtækin hefðu á að skipa hæfu starfsfólki og gætu fjárfest í menntun á sama hátt og gert væri í öðrum löndum. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)



Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar

Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, fjármálastjóri Haga

Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska

## TAKTU FRUMKVÆÐI AÐ EIGIN FRAMA

### KYNNINGARFUNDUR MBA-NÁMSINS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Föstudaginn 19. febrúar verður haldinn kynningarfundur MBA-námsins í Háskóla Íslands. Fundurinn verður haldinn í stofu HT-101 á Háskólatorgi og er frá kl 12:10 - 12:50.

Magnús Pálsson forstöðumaður MBA námsins kynnir námið og fyrirkomulag þess en einnig mun Guðrún Eva Gunnarsdóttir MBA 2016 og fjármálastjóri Haga segja okkur frá reynslu sinni af náminu. Boðið verður upp á léttar hádegisveitingar.

Skráning fer fram á [mba.is](http://mba.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA  
[www.mba.is](http://www.mba.is)



Úr auglýsingu AwareGo. Á meðal stærstu viðskiptavina fyrirtækisins eru Credit Suisse og Barclays.

## Notendur AwareGo nálgast milljón

Íslenska fyrirtækið AwareGo hefur gert gagnkvæman sölusamning við The Security Awareness Company í Bandaríkjunum. AwareGo framleiðir tölvuöryggismyndbönd með skilaboðum til starfsmanna um hvernig eigi að varast þjófnad á rafrenum gögnum og fleira er snertir öryggi.

Ragnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri AwareGo, segir að Security Awareness Company sé það stærsta og þekktasta í sínum geira í heiminum í dag. „Okkar lausnir passa vel inn í þeirra vöruframboð og við höfum nú þegar fengið góð viðbrögð hjá nokkrum af þeirra lykilviðskiptavinum. Nú stendur yfir vinna við að þýða myndböndin yfir á tíu tungumál,“ segir Ragnar í samtali við Markaðinn.

Notendur AwareGo nálgast eina milljón út um allan heim en stærstu viðskiptavinirnir eru GE, Barclays og Credit Suisse. Ragnar segir að næsta skref hjá fyrirtækinu verði að gera vöruna skalanlegri. Það þýðir að útbúa hana til þess að hægt sé að selja hana á internetinu í stað þess að fyrirtækið verði að afgreiða

Okkar lausnir passa vel inn í þeirra vöruframboð og við höfum nú þegar fengið góð viðbrögð hjá nokkrum af þeirra lykilviðskiptavinum.

Ragnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri AwareGo

hverja einustu pöntun. Með því verði auðveldara að afgreiða minni og meðalstór fyrirtæki. Þá vill Ragnar leggja meiri áherslu á og setja meiri peninga í markaðssetningu. Það þýðir að geta farið á sýningar og keypt auglýsingaborða og ráðist í vörumerkjapróun. Hingað til hafi fyrirtækið selt vöru sína í gegnum persónulegt tengslanet sem hafi verið myndað á netinu. „Við viljum leggja svolitla áherslu á það, að gera okkur svolitlið sýnilegri,“ segir Ragnar. – jhh





## MÁTÆÐU HANN VIÐ ÞIG

Upplifðu einstaka hönnun  
Volvo V40 Cross Country  
Verð frá 4.490.000 kr.

Sparneytinn  
Aflmikill  
Mikil veghæð

KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJAN  
**VOLVO V40 CROSS COUNTRY**  
Í BRIMBORG

MADE BY SWEDEN  
VOLVOCARS.IS



Volvo V40 Cross Country er knúinn sparneytinni og aflmikilli tveggja lítra dísilvél sem skilar 120 hestöflum. Volvo V40 fékk hæstu einkunn sem hefur verið gefin í öryggisprófunum Euro NCAP. Hann er jafnframt ríkulega búinn staðalbúnaði eins og vélarhitara með tímastilli, loftkælingu, Volvo High Performance hjómtækjum, Bluetooth GSM símkerfi og hinu margverðlaunaða öryggiskerfi Borgaröryggi (City Safety). Á bílnum eru glæsilegir Cross Country þakbogar og hann kemur á völdugum 16" Geminus álfelgum. Eldsneytisnotkun (beinskiptur/sjálfskiptur) í blönduðum akstri er 3,7/3,9 l/100 km og CO<sub>2</sub> losun er 96/101 g/km. Volvo V40 Cross Country dísil beinskiptur uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



# Eins og Davos með áherslu á samfélag

Aðstandendur The Social Progress Imperative stofnunarinnar ætla sér að bæta heiminn. Liður í því er ný stöðluð mælistika sem lögð er á gæði samfélaga og innviði þeirra. Í þeim samanburði eru ríkustu löndin ekki alltaf efst. Ísland er í fjórða sæti en Bandaríkin sextánda.

Óli Kristján Ármannsson  
ibs@frettabladid.is



Vonir standa til þess að alþjóðleg ráðstefna sem blásið hefur verið til í Hörpu í apríllök verði árviss og nokkurs konar mótvægi við efnahagsráðstefnuna í Davos í Sviss. Þetta segir Michael Green, framkvæmdastjóri stofnunarinnar The Social Progress Imperative, en hann var hér á landi fyrir helgi til að undirbúa ráðstefnuna.

Fundarefnið er framþróun SPI, eða Social Progress Index, sem er mælikvarði á gæði samfélagsinnviða, hvort heldur sem er þjóðríkja, afmarkaðra svæða eða stórfyrirtækja. Með því að bera saman SPI og verga landsframleiðslu (sem á ensku heitir Gross Domestic Product, eða GDP, og er oft bara kallað hagvöxtur) er að sögn Greens nýju ljósi varpað efnahagslega velgengni þjóða.

„Við höfum ekki þessa vegferð til þess að búa til mælistiku, heldur af því að við vildum koma á breytingum í heiminum. Fólkið að baki verkefninu er athafnamenn á sviði samfélagsmála, frumkvöðlar á sviði viðskipta og á sviði mannúðarmála. Þetta hefur alltaf snúist um hvernig hægt sé að koma á raunverulegum breytingum og SPI-kvarðinn er bara tæki til þess.“ Green segir ráðstefnuna í vor því mjög spennandi því þar verði tekið næsta skref, frá gagnaöflun til aðgerða. „Við vildum gera þetta á hverju ári, þar sem sífellt fleiri koma og stöðugt verða kynntar nýjar niðurstöður um hvernig gengur. Í Davos er talað um efnahagslega samkeppnishæfni en í Reykjavík er talað um félagslega samkeppnishæfni. Að því stefnum við.“ Staðsetningin hér henti líka ráðstefnu af þessu tagi, milli austurs og vesturs, auk þess sem styrk staða í samfélagsþróun og stuðningur hins opinbera og samstarfsaðila hér á landi hafi verið til fyrir fyrirmyndar.

## Ein tala vegur þungt

SPI er hins vegar langt því frá eina nýja mælistikan sem reynt hefur verið að leggja á frammistöðu landa, en Michael Green segir hana hafa ýmsa kosti sem hjálpi til. „Ef okkur tekst að leggja eitthvað það af mörkum sem skilar árangri, jafnvel þótt við verðum ekki á endanum ofan á, þá hefur okkur samt tekist það sem við ætludum okkur,“ segir hann. Þá sé spennandi hversu mikil áhersla sé lögð á það að finna nýjar mælistikur á velgengni þjóða. „Síðan verður að koma í ljós hverjar þeirra reynast gagnlegastar, en við leggjum mikla áherslu á gagnsemina.“ Þar skipti tvennt miklu máli, annað að með því að sleppa mælingum á efnahagsþáttum sé SPI viðbót við mælingar á landsframleiðslu og hitt sé að hægt sé að draga allar niðurstöðurnar saman í eina einkunn og bera með því móti saman þróunina á ólíkum svæðum. „Slik einkunnagið er drifkrafturinn að baki aðgerðum. Það held ég að sé líka ástæðan fyrir því hve mikið er notast við verga landsframleiðslu. Um er að ræða eina tölu sem fer ýmist upp eða niður.“ Green bætir við að að sjálf-sögðu geti hver og einn líka búið sér til mælistiku sem hentar hverju samfélagi. „En þá er enginn til að bera sig saman við. Og samanburðarhæfnin er lyklatríði.“

Green segir hins vegar gagnlegt að skoða samfélagsþróunareinkunn þjóða í samhengi við landsframleiðsluna, því þar sé komin ákveðin mælistika á frammistöðuna miðað við efnahag. „Í stað þess að ríkustu löndin raði sér í efstu sætin kemur í ljós að fátækari lönd geta staðið sig reglulega vel. Svo eru aftur lönd sem standa sig vel í beinum samanburði

á samfélagslega mælikvarðanum, en eru mjög rík og sést þá að frammistöðan er undir því sem gæti verið.“ Til dæmis séu Bandaríkin í fimmta sæti í heiminum hvað varðar landsframleiðslu en bara í 16. sæti á SPI-listanum. „Bandaríkin standa illa á fjölda mælikvarða sem notast er við á meðan land á borð við Kosta Ríka, sem er allfátækt, stendur sig mjög vel á mörgum sviðum.“ Á stóra SPI-listanum má sjá að Kosta Ríka er í 28. sæti. Þar er landsframleiðslan 13.431 Bandaríkjadalur á mann, á meðan hún er 51.340 dalir í Bandaríkjunum. „Okkar nálgun er að SPI-mælikvarðanum sé ekki ætlað að koma í stað mælinga á landsframleiðslu heldur sé um að ræða viðbót.“

## ESB tekur upp SPI

Varðandi hvort seðlabankar og aðrir slíkir komi til með að nýta sér mælikvarða á borð við SPI þá segir Green ákveðna vitundarvakningu í gangi. „Ef litid er til orða Christine Lagarde [framkvæmdastjóra Alþjóðagjald-eyrissjóðsins, AGS] í Davos í ár þá lagði hún mikla áherslu á að ekki nægði að horfa bara til landsframleiðslu þjóða. Og þótt hugmyndir í þá veru hafi ekki átt upp á pallborðið fyrir tuttugu árum síðan þá hafa þær að mínu mati fremur orðið viðteknar eftir fjármálakreppuna. Og við teljum að fólk sé að leita lausna þar sem ná megi betri árangri en bara með því að mæla landsframleiðslu.“

SPI-mælingin hefur víða verið tekin upp í Suður-Ameríku, þar sem ríkisstjórnir landa á borð við Paragvæ, svæðisstjórnir í Brasilíu og borgaryfirvöld í Kólumbíu nota mælinguna sem hluta af ákvörðunartökuferli sínu. Þá upplýsir Michael Green að í þessari viku verði tekin í gagnid hjá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins prufuútgáfa af SPI-mælingunni fyrir lönd ESB. „Og okkur þykir mjög spennandi að framkvæmdastjórnin skuli horfa til þessa í fullri alvöru og vilji nota þetta tæki til að móta svæðisstefnu í Evrópusambandinu.“

Í ár gefur Social Progress Imperative út fjórðu útgáfu SPI og segir Green mælinguna í stöðugri þróun, rétt eins og raunin sé með mælingar á hagvexti. Gagnaöflunin sem nú er að baki skili traustum og góðum niðurstöðum sem á sé byggjandi, þótt lengi megi breyta og bæta. Um leið segir Green gagnaöflun fyrir SPI-kvarðann auðveldari en öflun hagtalna að því leyti að horft sé til hluta sem breytist hægar. „Læsi fullorðinna kemur til dæmis ekki til með að sveiflast á milli ára. Þróunin sem horft er til er jafnari.“ Með markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem samþykkt voru í september síðastliðnum segir Green áherslu landa á gagnaöflun koma til með að aukast enn og það hjálpi til. Þá skipti máli að notkun SPI falli að þessum markmiðum og sé gagnlegt tól til þess að fylgast með því hvernig gangi að vinna að þessum markmiðum sjálfbærrar þróunar. „Þessi sýn sem við höfum á þróun heimsmála fram til 2030 er mjög mikilvæg og skiptir máli að afla henni fylgis meðal almennings. Við styðjum þetta framtak Sameinuðu þjóðanna og teljum SPI geta hjálpað til við að ná þessum markmiðum.“

## Góð einkunn en blönduð

Ísland stendur afar vel í samanburði þjóða samkvæmt SPI-kvarðanum, í fjórða sæti á heildarlistanum (þótt það sé bara í fimmtánda sæti í samanburði á landsframleiðslu) og svo ofarlega á ýmsum mælikvörðum þar að baki. Landið er til dæmis í öðru sæti á eftir Finnlandi í mælingu á næringu og heilbrigðisþjónustu. Þetta kann að koma einhverjum á óvart í ljósi umræðu um aðþrengt heilbrigðiskerfi Íslands.

„Að baki niðurstöðu Íslands eru



Michael Green er framkvæmdastjóri Social Progress Imperative stofnunarinnar í Bandaríkjunum. Hann var staddur hér á landi fyrir helgi til að undirbúa „heimsviðburð“ í Hörpu í apríllök þar sem blásið hefur verið til alþjóðlegrar ráðstefnu um nýjan mælikvarða á samfélagsleg gæði innviða bæði þjóðríkja og afmarkaðra svæða. FRETATABLADID/ERNIR

Við höfum ekki þessa vegferð til þess að búa til mælistiku, heldur af því að við vildum koma á breytingum í heiminum. Fólkið að baki verkefninu er athafnamenn á sviði samfélagsmála, frumkvöðlar á sviði viðskipta og á sviði mannúðarmála.

Michael Green, framkvæmdastjóri stofnunarinnar Social Progress Imperative

## Social Progress Index 2015

Tíu efstu Sæti	Land	SPI-einkunn	VLF á mann
1	Noregur	88,36	62.448 USD
2	Svíþjóð	88,06	43.741 USD
3	Sviss	87,97	54.697 USD
4	Ísland	87,62	41.250 USD
5	Nýja-Sjáland	87,08	32.808 USD
6	Kanada	86,89	41.894 USD
7	Finnland	86,75	38.846 USD
8	Danmörk	86,63	41.991 USD
9	Holland	86,50	44.945 USD
10	Ástralía	86,42	42.831 USD

## Fimm neðstu

Sæti	Land	SPI-einkunn	VLF á mann
129	Angóla	40,00	7.488 USD
130	Gínea	39,60	1.213 USD
131	Afganistan	35,40	1.884 USD
132	Tsjad	33,17	2.022 USD
133	Mið-Afríkulýðveldið	31,42	584 USD

Heimild: The Social Progress Imperative



nokkrir þættir þar sem landið stendur afar vel. Einn er öryggi einstaklinganna þar sem Ísland er í fyrsta sæti. Þar eru til dæmis að baki tölur um ofbeldisbrot, en líka andlát í umferðinni. Umferðarslys eru í tíunda sæti yfir helstu dánarorsakir í heiminum og mikið vandamál víða.“ Þegar að þessum þáttum kemur hefur margt unnist hér á landi, segir Green.

Þá komi mælingar á notkun upp lýsingatækni, frelsi fjölmiðla og þess háttar þættir mjög vel út. Sömuleiðis sé Ísland ofarlega á listum í mælingu á umburðarlyndi landsmanna. „En niðurstaðan í heilbrigðinu er mjög áhugaverð. Þar mælum við þætti á borð við ungbarnadauda og öryggi mæðra í fæðingu sem eru vandamál

í fátækari löndum. Hér á Íslandi er myndin flóknari og óvíst að heilbrigðiskerfið sjálft vegi jafn þungt, heldur skipti lífsstíllinn meira máli.“

Niðurstaðan í þessum þætti hvað Ísland varði byggist því ekki endilega á læknisþjónustunni. „Við sjáum að lífslíkur eru nokkuð góðar og niðurstaðan er góð þegar kemur að andlátum vegna sjúkdóma sem ekki eru smitsjúkdómar. Horft er til þess hvort fólk deyi snemma af völdum krabbameina, hjartasjúkdóma og þess háttar. Og þar spilar heilbrigðiskerfið inn í að hluta, en líka lífsstíll fólks og umhverfi.“ Nýting á jarðvarma hér kunni meira að segja að hjálpa til með því að draga úr loftmengun. Í heimaborg Greens, Lundúnum, sé til

að mynda mikil áhersla lögð á það hvernig draga megi úr ótímabærum dauðsföllum vegna loftmengunar.

„En það sem er líka áhugavert við Ísland er að í heilbrigðismálunum er líka eitt eða tvö viðvörðunarkerki. Offita er eitt viðfangsefni, sem reyndar mörg lönd eiga við að etja, meira að segja lönd sem ekki eru meðal ríkustu þjóðanna. Svo er tíðni sjálfsvíga að nokkru marki mælikvarði á geðheilbrigði og þar kann að vera við vanda að etja. Í heildina er niðurstaða Íslands því mjög góð þegar kemur að heilbrigði en myndin er dálítið blönduð.“



Michael Porter, prófessor við Harvard-háskóla og einn af virtustu hagfræðingum heims. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vísinda- og fræðimenn streyma til landsins

Von er á nokkur hundruð manns til landsins vegna ráðstefnu Social Progress Imperative í Hörpu 28. apríl næstkomandi. Á ráðstefnunna eru sagðir mæta margir af fremstu vísinda- og fræðimönnum heims á sviði samkeppnishæfni þjóða og stefnumótunar fyrirtækja. Farið verður yfir frammistöðu Íslands á SPI-listanum, auk þess sem skoðað verður hvernig hefur gengið í Kosta Ríka, hjá Medellín-borg í Kólumbíu, í Nepal þar sem miklar framfarir hafa orðið á sviði heilbrigðismála, auk þess sem farið verður yfir þróunina í Rúanda, Brasilíu, á Nýja-Sjálandi og í Baskahéruðum Spánar.

Á meðal þátttakenda er Michael Porter, prófessor við Harvard háskóla og heiðursprófessor við Háskóla Íslands, Matthew Bishop, ritstjóri alþjóðamála hjá tímaritinu Economist, Martha Minow, deildarforseti lagadeildar Harvard, og



Hér er Gekon samstarfsaðili SPI, en þar á bæ koma meðal annars að málum eigendur Gekon, Hákon Gunnarsson framkvæmdastjóri og Rósbjörg Jónsdóttir aðstoðarframkvæmdastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNI

Metta Lindgaard, framkvæmdastjóri samfélagsnýsköpunar hjá Deloitte Global, auk Michaels Green sjálfs. Af hálfu Íslands taka svo þátt Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, Jón Atli Benediktsson, rektor

Háskóla Íslands, Liv Bergþórsdóttir, forstjóri Nova, og Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.

Frekari upplýsingar um ráðstefnuna sjálfa má finna á vefnum [www.socialprogressimperative.org](http://www.socialprogressimperative.org).

## Varði við árið 2006

Stjórnarformaður Social Progress Imperative stofnunarinnar er prófessor Michael Porter. Hann er einn af áhrifamestu og virtustu hagfræðingum samtímans og hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir rannsóknir sínar og störf.

Hér vakti Porter nokkra athygli þegar hann var gerður að heiðursprófessor við Háskóla Íslands árið 2006 og notaði þá tækifærið og varaði við þróun efnahagsmála. „Íslendingar standa vel á mörgum sviðum, en þurfa að gæta að fjárfestingu innanlands sem ekki stuðlar beint að aukinni framleiðni. Hérna er allt of mikið af byggingarkrönum,“ sagði hann í erindi sínu í Reykjavík í októberbyrjun 2006, en þá kynnti hann líka niðurstöður á rannsókn sinni á samkeppnishæfni landsins.

Á þeim tíma benti Porter líka á að hér næmi kostnaður af því að halda úti krónu meiru en ávinningurinn af henni og hvatti til frekari umræðu um framtíðarskipan peningamála. Þá taldi hann íslenska hagkerfið það sveigjanlegt að ekki þyrfti að koma til sveigjanlegur gjaldmiðill líka. Í heimsókn sinni hingað 2010 var hann hins vegar ekki jafn afgerandi um gjaldmiðilinn. Í viðtali við Fréttablaðið sagði hann allar tiltækar leiðir í peningamálum hafa sína kosti og galla, hvort sem það væri krónan sjálf, einhliða upptaka annarrar myntar, eða upptaka evru með aðild að myntbandalagi Evrópu.

„En mín tilfinning er að Íslendingar séu ekki alveg tilbúnar að gera þetta upp við sig,“ sagði hann þá og taldi ef til vill enn of skammt liðið frá hruni.



## Á meðan við prentum fyrir þig...

Umbúðir • Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklingar  
Fjölþóstur • Kynningarefni • Dagblöð • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR  
PRENTSMÍÐJA



Suðurlhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | [www.isafold.is](http://www.isafold.is)



JUERGEN KUDRITZIKI



## Framkvæmdastjóri Marorku

Juergen Kudritziki hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Marorku. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu á vefsíðu fyrirtækisins.

Kudritziki hefur 25 ára reynslu af skipaðnaðinum og hefur meðal annars starfað sem forstöðumaður tæknimála hjá E.R. Schiffart, og sem forstjóri BestShip – dótturfélags E.R. Schiffart, sem sérhæfir sig í breytingum á skipum og umbótum á kerfum þeirra. – sg

BIRNA BRAGADÓTTIR



## Ný í ráðgjafateymi Capacent

Birna Bragadóttir hefur verið ráðin inn í ráðgjafateymi Capacent, þar mun hún starfar við mannauðsmál, markþjálfun stjórnenda, breytingastjórnun og innleiðingu á markvissari þjónustu.

Birna var starfsþróunarstjóri Orkuveitu Reykjavíkur frá 2012 til 2016 og starfaði þar áður hjá Icelandair í þrettán ár.

Birna er með BA-gráðu í félagsfræði frá Háskóla Íslands og MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. – sg

SESSELÍA BIRGISDÓTTIR



## Markaðsstjóri Advania

Sesselía Birgisdóttir hefur verið ráðin markaðsstjóri Advania og hóf hún störf í byrjun mánaðarins. Sesselía hefur að undanfögnu starfað sem stjórnandi hjá Red Apple Apartments, alþjóðlegri leigumiðlun sem hún átti þátt í að stofna. Áður var Sesselía markaðsráðgjafi hjá almannatengslafyrirtækinu Eflir, hún starfaði við sölu og markaðsmál hjá útgáfufyrirtækinum Veröld, Eddu, Vöku Helgafelli og Iceland Review. – sg



Iða Brá tekur við starfi framkvæmdastjóra fjárfestingabankasviðs af Halldóri Bjarkari Lúðvígssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR SIGURDSSON

# Þykir fátt eins endurnærandi og að rækta garðinn sinn

Iða Brá Benediktsdóttir er nýr framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs Arion. Hefur starfað í bankakerfinu frá 1999. Lauk meistaraþrófi í viðskiptafræði í Rotterdam. Segir fátt eins endurnærandi og garðrækt.

## SVIPMYND

### IÐA BRÁ BENEDIKTSDÓTTIR

Iða Brá Benediktsdóttir var á dögunum ráðin framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs Arion banka. Sem slík er hún yfirmaður markaðsviðskipta, greiningardeildar og fyrirtækjaráðgjafar. Auk þess situr framkvæmdastjóri í Framkvæmdastjórn bankans. Iða Brá tók við starfinu af Halldóri Bjarkari Lúðvígssyni.

Iða Brá útskrifaðist með B.Sc.-próf í viðskiptafræði við Háskóla Íslands og tók svo M.Sc. í fjármálum frá Rotterdam School of Management í Hollandi árið 2004. Að auki er hún með með próf í verðbréfavíðskiptum. Iða Brá lætur vel af dvölinni í Hollandi.

Iða Brá segir að námið í Rotterdam School of Management hafi

verið gott. Þá hafi líka hentað að flytja til Hollands þar sem maðurinn hennar var framkvæmdastjóri hjá Samskipum í Hollandi.

Iða Brá byrjaði að vinna í bankakerfinu árið 1999 og hefur komið víða við hjá Arion banka og forverum hans. Hún hefur meðal annars starfað í fyrirtækjaráðgjöf, greiningardeild, fjármögnun bankans, stýrt samskiptum við erlendar fjármálastofnanir, verið í fjárfestatengslum og stýrt samskiptasviði bankans. „Nú síðast var ég forstöðumaður Einkaþjónustu þar sem við stýrum eignum fyrir fjársterka aðila, fyrirtæki og stofnanir,“ segir hún.

Iða Brá sér tækifæri í nýja starfinu og fyrir Arion banka fram undan. „Það eru hagstæðar aðstæður í íslensku efnahagslífi um þessar mundir, kröftugur hagvöxtur og fjárfesting að taka við sér. Þá hillir nú undir afléttingu fjármagnshafta

sem felur í sér tækifæri fyrir fjárfesta og fyrirtæki. Við höfum einnig séð töluverðan áhuga á Íslandi erlendis enda kemur Ísland vel út núna í alþjóðlegum samanburði. Verðbólga lítil, góður hagvöxtur, lítið atvinnuleysi auk þess sem skuldir ríkissjóðs hafa lækkað verulega,“ segir hún.

Iða Brá á fjölmörg áhugamál sem hún reynir að sinna þegar hún er ekki í vinnunni. „Ég er með þrjú börn á aldrinum fjögurra til sextán ára. Mikill hluti þess tíma sem er aflögu fer í að fylgja þeim eftir í tómsundum og námi. Svo höfum við reynt að haga áhugamálum þannig að þau geti tekið þátt í þeim. Þannig að við förum mikið á skíði og reynum að ferðast eins og hægt er. Og ég les frekar mikið,“ segir Iða Brá. Þá verður yfirleitt skáldsögur fyrir valinu.

Á sumrin leggur Iða Brá áherslu

●● Við höfum einnig séð töluverðan áhuga á Íslandi erlendis enda kemur Ísland vel út núna í alþjóðlegum samanburði. Verðbólga lítil, góður hagvöxtur, lítið atvinnuleysi auk þess sem skuldir ríkissjóðs hafa lækkað verulega.

Iða Brá Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjárfestingabankasviðs Arion

á að rækta upp garðinn við heimili sitt. „Mér finnst fátt jafn endurnærandi og að vinna í garðinum.“

Iða Brá verður fertug á árinu og hafði hugsað sér að nýta árið til þess að verða slarkfær á píanó í tilefni tímamótanna. „Sjáum til hvernig það gengur.“ JONHAKON@FRETTABLAÐIÐ.IS

## Gullæðið gæti senn verið á enda runnið

Eftir 7,1 prósent hækkan á verði á gulli í síðustu viku hefur verðið fallið á ný. Sérfræðingar hjá Goldman Sachs mæla með því að fjárfestar losi sig við gullið þar sem verðhækkunin undanfarið hafi verið innistæðulaus.

Fréttablaðið greindi frá því í byrjun viku að í síðustu viku hefði fjöldi fjárfesta fært fé sitt úr hlutabréfum í gull. Keypt var gull í vikunni fyrir hæstu fjárhæð í sex ár, fyrir utan eina viku í byrjun árs 2015. Bank of America áætlar að fjárfest hafi verið í gulli fyrir 1,6 milljarða dollara, jafnvirði rúmlega tvö hundruð milljarða íslenskra króna.

Aukin sala á gulli er merki um óstöðugleika og skort á trú á markaðnum. Gullverð hækkar og lækkar jafnan þvert á gengi hlutabréfa.

# 1,6

milljarðar dollara voru fjárfestir í gulli í síðustu viku samkvæmt áætlun Bank of America

Því er eðlilegt að verðið hafi farið hækkandi í síðustu viku samtímis lækkunum á hlutabréfamörkuðum. Aftur á móti hafi það lækkað á ný þegar hlutabréfamarkaðir víðsvegar um heiminn tóku við sér í byrjun þessarar viku.

Verð á trójuúnsu af gulli hækkaði um 7,1 prósent í síðustu viku og

nálgaðist 1.300 Bandaríkjadali, jafnvirði 165 þúsunda íslenskra króna. Það hafði hins vegar fallið um rúmlega tvö prósent um eftirmiðdaginn á þriðjudaginn. Sérfræðingateymi hjá Goldman Sachs, leitt af Jeffrey Curie og Max Layton, hefur gefið út minnisblað þar sem mælt er með að fjárfestar selji gullið sitt.

Í minnisblaðinu kemur fram að ekki sé innstæða fyrir hræðslunni sem hefur drifið hækkunina á gulli. Í augnablikinu séu einungis 15-20 prósent líkur á kreppu í Bandaríkjunum á næstunni.

Verðhækkunin í síðustu viku varð þegar bandarískur hlutabréfamarkaður hafði ekki verið lægri í tvö ár og gengi hlutabréfa í Evrópu hafði ekki verið lægra síðan í september 2013. – sg





## Ísland að verða álitid hönnunarland

Á DesignMatch, kaupstefnu á vegum HönnunarMars í samstarfi við Arion banka, býðst hönnuðum að hitta erlenda kaupendur og framleiðendur sem annars er erfitt að komast í kynni við. Þetta er dýrmætt tækifæri fyrir íslenska hönnuði og öll árin hefur einhver hönnuður náð að tengjast erlendu fyrirtæki að sögn Elínar Þorgeirsdóttur, ritstjóra og fjölmiðlafulltrúa HönnunarMars.

DesignMatch verður haldin í sjöunda skipti í ár. Á kaupstefnunni sækja íslenskir hönnuðir um að fá viðtal við hönnunarhús sem getur svo leitt til samvinnu milli aðilanna.

„Það er sjaldgæft að stofnun á borð við Hönnunarmiðstöð búi til þennan vettvang fyrir hönnuði til að koma sér á framfæri alþjóðlega. Við erum með frábæra hönnuði á Íslandi, en til að ná árangri í viðskiptum, þá þarftu eiginlega að ná athygli á alþjóðamarkaði. Kaupstefnan styttr þessi skref fyrir hönnuðina,“ segir Elín.

Í ár koma mörg þekkt fyrirtæki til landsins, meðal annars Ferm Living, og Normann Copenhagen frá Danmörku, og Vitra, Artek sem er frá Svíþjóð og Sviss, auk tiskufyrirtækjanna Wood Wood og Aplace.

Í fyrsta sinn munu sérvaldir erlendir blaðamenn, meðal annars frá tímaritunum Dezeen, Frame og Elle Decoration, taka þátt í kaupstefnunni. Þátttakendur munu því eiga möguleika á viðtali og kynningu í einhverjum af leiðandi hönnunarmiðlum heims.

Íslensk fyrirtæki á borð við Epal og Sýrusson taka einnig þátt í fyrsta skipti. Elín segir mikið tækifæri liggja í því fyrir íslenska hönnuði. „Það er erfitt fyrir fyrirtækin að fylgjast með öllu sem er að gerast í hönnun á landinu. Við vonum að þarna gerist einhverjir töftrar.“ – sg



Elin Þorgeirsdóttir segir að öll árin á DesignMatch hafi einhver íslenskur hönnuður náð að tengjast erlendu fyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Sérfræðingar hjá JP Morgan telja að tekjumhverfi fjárfestingabanka sé ekki gott um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

### Spá 20 prósent lægri tekjum

Sérfræðingar hjá JP Morgan Securities hafa lækkað tekjuspá sína fyrir fjárfestingabanka á árinu um að meðaltali tuttugu prósent.

Þeir telja að tekjumöguleikar fjárfestingabanka hafi ekki verið góðir það sem af er ári. Vegna sveiflukennndra markaða um þessar mundir sé erfiðara fyrir fjárfestingabankana að hagnast með hefðbundnum viðskiptaháttum.

Sérfræðingarnir telja að lækkun á hlutabréfamörkuðum nýverið bendi til þess að markaðir séu óheilbrigðir. Þeir telja að virði hlutabréfa gæti komið til með að lækka enn frekar á árinu. Jafnvel þótt markaðir róist á ný gæti tímabil minni starfsemi á mörkuðum fylgt á eftir eins og hefur gerst áður. – sg

### Golfbúðin fékk 50 þúsund í sekt

Golfbúðin í Hafnarfirði hefur verið sektuð um 50 þúsund krónur fyrir ófullnægjandi verðmerkingar.

Skóðaðar voru verðmerkingar í golfverslunum í október og í framhaldi af því voru gerðar athugasemdir við forsvarsmenn Golfbúðarinnar með bréfi. Aftur var verðið skoðað í desember og athugasemdir gerðar á ný með bréfi þann 21. janúar.

Athugasemdinni var fylgt eftir með sekt sem lögð var á hinn 8. febrúar síðastliðinn.

Samkvæmt lögum ber fyrirtækjum sem selja vöru eða þjónustu að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum.

### Rússar selja minna af vodka

Útflutningur á vodka og öðru áfengi frá Rússlandi dróst saman um 40 prósent í fyrra, í samanburði við árið áður.

Rússneska dagblaðið Kommersant greinir frá trúnaðargögnum þessa efnis í gær og þau sýna að útflutningur á áfengi hefur ekki verið minni síðan 2005. Þá hefur verðmæti útflutningsins dregist saman úr sem nemur 24 milljörðum íslenskra króna í 14,5 milljarða íslenskra króna.

Mesti samdrátturinn hefur orðið á sölu til Úkraínu, en þar nemur samdrátturinn 70 prósentum. Enda eru viðskipti milli Rússa og Úkraínumanna í algjöru lágmarki eftir að Rússar innlimuðu Krímskaga árið 2014 og studdu uppreisnarmenn í austurhluta Úkraínu.

Stærsti markaðurinn fyrir vínið er aftur á móti Bretland. – jhh

capacent

Ekki taka gömlum sannleik sem gefnum. Það þarf áræðni og kjark til að líta hlutina nýjum augum og fá ferska sýn á þá.

# Stundum reddast allt — stundum ekki



Auður Bjarnadóttir ráðgjafi Ráðningar stjórnenda og sérfræðinga

Ármúli 13  
108 Reykjavík

540 1000  
capacent@capacent.is

www.capacent.is





**Ríkisfjármál**  
Birgir Ármannsson  
alþingismaður

## Skýra stefnu um sölu banka

Þær óvenjulegu aðstæður hafa nú skapast hér á landi að langstærsti hluti bankakerfisins er kominn í hendur ríkisins. Ríkið er eini eigandi Íslandsbanka, á megnið af hlutabréfum Landsbankans og nokkurn hlut í Arion banka. Óþarfi er að rekja hér hvernig þessar eignir komust í hendur ríkisins en á hinn bóginn er rétt að minna á að þessi staða er ekki til kominn vegna þess að einhvern tímann hafi verið mörkuð sú stefna að ríkið skyldi verða yfirgnæfandi þátttakandi í bankarekstri í landinu. Þvert á móti hefur verið um það allgóður samhljómur að ríkið myndi við réttar aðstæður draga úr hlutdeild sinni þótt skoðanir hafi verið skiptar um hversu hratt það skuli gerast og hvort stefnt skuli að því að ríkið haldi eftir einhverjum hluta.

Margvísleg rök eru fyrir sölu á þessum eignarhlutum. Tvennt vegur þyngst í mínum huga. Fyrri atriðið er að yfirgnæfandi hlutdeild ríkisins í atvinnustarfsemi á samkeppnismarkaði er að mínu mati óheilbrigð. Ríkinu ber að sjálfsgöðu að setja þessari starfsemi ramma í lögum og reglugerðum og hafa eftirlit með því að aðilar á markaðnum haldi sig innan þeirra heimilda sem þar er að finna. Það er eftir slíkum leiðum sem ríkisvaldið á að ná fram markmiðum um eðlilegan og heilbrigðan rekstur en ekki með eignarhaldi á fyrirtækjunum sem starfa á markaðnum.

Hin meginröksemdin er sú að sala þessara eigna getur bætt stöðu ríkissjóðs umtalsvert. Flestir eru sammála um að skynsamlegast sé að verja söluandvirðinu til að greiða niður skuldir. Vaxtakostnaður er einn af stærstu útgjalda-liðum ríkisins og með verulegri lækkun skulda gæti skapast svigrúm sem nemur tugum milljarða á ári hverju. Það svigrúm mætti nýta hvort sem væri til lækkunar skatta, uppbyggingar innviða, eflingar heilbrigðiskerfisins eða annarrar mikilvægrar starfsemi. Þá er ótalin sá ávinningur sem lækkun skulda ríkisins hefði á lánshæfismat, ekki bara fyrir ríkissjóð heldur líka aðra aðila hér á landi.

Alþingi hefur með fjárlögum veitt heimild til að hefja sölu á 28,2% hlut í Landsbankanum. Það er mikilvægt fyrsta skref. Jafnframt er mikilvægt að marka skýra stefnu um sölu á öðrum hlutum ríkisins í bönkunum. Að sjálfsgöðu er nauðsynlegt að ígrunda vel tíma-setningar og aðferðir við sölu og grundvallaratriði að þannig sé staðið að málum að ferlið sé opið og gegnsætt. Með því móti er líklegast að viðtæk sátt náist um þessar aðgerðir.

## Chianti í 300 ár



Chianti Classic Collection fór fram á mánudaginn en það er kynning á vínframleiðslu sem er á leið á markaðinn. Í ár eru 300 ár liðin frá því að framleiðsla hófst á víni í Chianti-svæðinu í Toskanahéraði á Ítalíu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Peningamálastefna Yellen að verða of aðhaldssöm



**Lars Christensen**  
alþjóðahagfræðingur

Það er almennur skilningur að peningamálastefna Bandaríkjanna sé mjög hjálpleg, og að aðhaldsstefnan hafi aðeins byrjað með vaxtahækkuninni í desember.

Það byggist engu að síður á miskilningi á því hvað peningamálastefna er í raun og veru, og að líta á nafnvexti segir okkur mjög lítið um hve aðhaldssöm eða slök peningamálastefna er.

Ef hins vegar, við verðum að segja eitthvað um aðhaldssama peningamálastefnu, þá hefur það miklu meiri

þýðingu að líta á þróunina í framboði á peningum í hlutfalli við eftirspurn eftir peningum. Við getum talað um hertari peningamálastefnu ef peningframboðið minnkar í hlutfalli við eftirspurn eftir peningum.

Besta leiðin til að athuga þróun peningaeftirspurnar með tilliti til peningframboðs er að skoða þróunina á fjármálamörkuðum. Þannig vitum við úr skólabókunum að ef Bandaríkin herða peningamálastefnu sína ætti það að valda því að dollarinn styrkist, verð hlutabréfa og hrávöru lækki og verðbólguvæntingar minnki.

### Peningamálastefna Bandaríkjanna hefur verið of aðhaldssöm

En hvað segja markaðsvisar okkur um peningamálastefnu Bandaríkjanna einmitt núna? Verðbólguvæntingar hafa farið lækkandi í rúm tvö ár og eru nú langt fyrir neðan opinbert 2% verðbólgu markmið seðlabankans. Dollarinn hefur styrkst verulega síðan Janet Yellen tók við embætti seðlabankastjóra snemma árs 2014. Og loks hefur bæði hrávöruverð og nú hlutabréfaferð nýlega lækkað hratt.

●● **Verðbólguvæntingar hafa farið lækkandi í rúm tvö ár og eru nú langt fyrir neðan opinbert 2% verðbólgu markmið seðlabankans. Dollarinn hefur styrkst verulega síðan Janet Yellen tók við embætti seðlabankastjóra snemma árs 2014.**

Það er þannig ekki bara einn heldur nánast allir markaðsvisar sem sýna að peningamarkaðsskilyrði hafa smám saman þrengst á síðustu tveim árum. Og sérstaklega síðan haustið 2015 – þegar Seðlabanki Bandaríkjanna byrjaði fyrir alvöru að gefa merki um vaxtahækkunar – hefur peningamálastefnan verið of aðhaldssöm.

Í þessu samhengi er vert að athuga að peningamálastefna virkar að miklu leyti í gegnum „væntingafarveg“. Þannig má segja að peningamála-

stefnan hafi verið hert í desember, þegar stýrivextir voru hækkaðir, en að aðhaldssemín í peningamálum hafi byrjað miklu fyrr, þegar Seðlabankinn byrjaði að gefa til kynna að vextirnir myndu fljótlega hækka.

Það er ekkert endilega rangt við að herða peningamálastefnuna, en sannleikurinn er sá að hagkerfi Bandaríkjanna er ekki beint við það að ofhitna, og á sama tíma er verðbólgan vel undir 2%. Það er við þessar aðstæður sem Seðlabankinn heldur fast við herta peningamálastefnu, og það er helsta ástæða þess að alþjóðamarkaðir hafa verið undir miklum þrýstingi undanfarið.

Ef Seðlabanki Bandaríkjanna heldur áfram að einblína á nafnvexti í stað þess að líta á fjölbreytta markaðsvísu mun það fljótlega svæla hagkerfi Bandaríkjanna inn í samdrátt. Í versta tilfalli gæti það þróast yfir í bankakreppu á heimsvísu, svo við skulum vona að Seðlabankinn sjái fljótlega hvert stefnir og hætti að tala um vaxtahækkunar en byrji þess í stað að slaka á peningamálastefnunni. Það er mikil þörf á því.

## Armani og Gucci í boði íslenska ríkisins



**Hin hliðin**  
Eva Magnúsdóttir,  
framkvæmdastjóri Podium

Viðskiptaþing var viðburðaríkt og áhugavert fyrir íslenskt viðskiptalíf og verkefni ærin. Ég vil minnst á tvennt í framhaldi þingsins en það eru samkeppnisraskanir af völdum ríkisins og fjöldi ríkisstofnana.

Samkeppnisraskanir hins opinbera hafa neikvæð áhrif á drifkrafta framleiðni og nauðsynlegt er að minnka umsvif þess. Ríkið er í beinni

og óbeinni samkeppni við einkaaðila auk þess sem ríkiseinokun er á ákveðinni starfsemi. Mörg íslensk fyrirtæki komust í gegnum kreppuna með því að útvista starfsemi sem ekki féll undir kjarnastarfsemi þeirra og lækkuðu þannig fastan kostnað. Rekstur Íslandsþóts, ÁTVR, Ríkisútvarpsins, Sorpu og Frihafnarinnar telst seint til kjarnastarfsemi og annars konar rekstrarform hentar þessum verkefnum betur. Það mætti einnig skoða mennta- og heilbrigðismál betur. Nærtækt dæmi um einkarekstur í heilbrigðismálum er glæsileg þjónusta í Klinikinni. Ég hef einnig trú á því að íslenskir kaupmenn myndu rúlla því upp að selja Armani og Gucci í Keflavík.

●● **Nú er tækifæri til heildarstefnumótunar í kjölfar laga um opinber fjármál en markmið þeirra er að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála.**

Nú er tækifæri til heildarstefnumótunar í kjölfar laga um opinber fjármál en markmið þeirra er að stuðla að góðri hagstjórn og styrkri og ábyrgri stjórn opinberra fjármála. Stefnunotunin þarf að fela í sér markmið um að fækka og hagræða í ríkisrekstri m.a. með því að færa verkþætti til viðskiptalífins. Smáþjóðin Ísland rekur 182 ríkisstofnanir eða eina ríkisstofnun á hverja tæplega 2.000 íbúa landsins. Viðskiptaráð lagði 2015 fram 30 tillögur að fækkun ríkisstofnana með fjórum tegundum aðgerða: samrekstri, faglegum sameiningum, hreinum sameiningum og aflagningu starfsemi eða fækkun niður í 70 ríkisstofnanir. Þá vinnu

þarf að nýta. Skattfé er betur varið til aukinnar menntunar, heilbrigðisþjónustu, forvarna og annarra nauðsynlegra innviða.

Breytingar boða betri tíma og blóm í haga. Við eigum að nýta þá frábæru vinnu sem helstu sérfræðingar í íslensku viðskiptalífi færa okkur. Það eru jákvæðar breytingar í stjórn Viðskiptaráðs, nýr formaður, Katrín Olga Jóhannesdóttir, er fyrsta konan í 99 ára sögu ráðsins. Hún tekur við góðu starfi úr hendi Hreggviðs Jónssonar og óska ég henni innilega til hamingju. Hún ber kyndil framtíðar og ég er bjartsýn á að með henni komi jákvæðar breytingar í jafnréttissögu landsins.



# KERFIS- OG NETSTJÓRNUN

## MIKIL STARFSTÆKIFÆRI

ÖFLUGT STARFSNÁM Í SAMSTARFI VIÐ MÖRG  
AF FREMSTU FYRIRTÆKJUM LANDSINS.

### NÆSTU NÁMSKEIÐ:

WINDOWS LINUX

TÖLVUVIDGERÐIR

OFFICE 365 AZURE  
& AD ÞJÓNUSTA

NETWORK+

CISCO - CCNA

MCSA - KERFIS-  
STJÓRNUN

NTV skólinn sérhæfir sig í hagnýtu og starfsmiðuðu námi í samvinnu við mörg af leiðandi fyrirtækjum landsins. Kennsla í NTV er verkefnaþróun og fer fram í litlum hópum í nánú samstarfi við kennara. NTV er viðurkenndur fræðsluáðili af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og er alþjóðleg prófamiðstöð.

[www.ntv.is](http://www.ntv.is)

**ntv**

Nýi tölvu-og  
viðskiptaskólinn



## Stjórnar- maðurinn

@stjornarmadur

## Farsakennt

**Steinþór Pálsson** fór á dögnum yfir sölu Landsbankans á þriðjungshlutnum í Borgun. Það má færa rök fyrir því að Landsbankinn hafi selt hlut sinn á einungis fjórðungi markaðsvirðis samkvæmt nýlegu verðmati. Bankinn hafi því orðið af fjórum til sex milljörðum króna.

**Steinþór telur að** stjórnendur Borgunar beri sök á hvernig fór. Þeir hafi hreinlega leynt tilvist valréttar Borgunar vegna sameiningar Visa Europe og Visa International.

**Fyrir alla** sem hafa staðið í kaupum eða sölu á fyrirtækjum eru skýringar Steinþórs í besta falli hjákátlegar. Landsbankinn er risastór aðili á markaði sem hefur á að skipa her starfsmanna, og sérfræðinga. Þar er næg þekking og mannaflí til að framkvæma áreiðanleikakönnun eins og tíðkast í viðskiptum sem þessum.

**Fram hefur komið** í máli forsvarsmanna Borgunar að opnað hafi verið gagnaherbergi þar sem lágu allar grundvallarupplýsingar um reksturinn, samninga og annað. Samkvæmt Borgun lá valréttarsamningurinn þar inni. Landsbankamenn höfðu fullan aðgang að þessum gögnum.

**Í því samhengi** er merkilegt til þess að hugsa að Landsbankinn hafi ekki gert fyrirvara um tekjur af valréttinum í samningi um sölu. Það verður enn forvitnilegra í því ljósi að slíkur fyrirvari var gerður við sölu Landsbankans á hlut sínum í Valitor.

**Í besta falli** hafa lögfræðingar Landsbankans gert skyssu, en við áreiðanleikakannanir er það þeirra hlutverk (og annarra ráðgjafa) að gera ráð fyrir öllu mögulegu og ómögulegu. Í ljósi tilvistar valréttarins (sem þeir hefðu átt að rekast á í gagnaherberginu) og fyrirmyndarinnar úr Valitor-sölu sýnir þetta beinlínis furðu.

**Steinþór nefnir** einnig að Landsbankinn hafi leitað upplýsinga um valréttinn hjá Visa Europe. Þar var Krisuvíkurléiðin farin, enda auðveldara að spyrja forsvarsmenn Borgunar sömu spurningar. Ólíklegt er líka að Visa Europe hafi undir nokkrum kringumstæðum mátt gefa nokkrar upplýsingar um valréttinn til annarra en þeirra sem beina aðild áttu að samningnum. Samningurinn var milli Borgunar og Visa - Landsbankinn átti þar engan hlut að máli.

**Steinþór þarf** að standa við stóru orðin. Ef bankinn var blekktur þarf að fylgja því eftir hjá þar til bærum yfirvöldum eða fyrir dómstólum. Afatvikum að dæma er líklegra að Landsbankamenn hafi ekki haft vaðið fyrir neðan sig. Tap bankans á því nemur nokkrum milljörðum sem annars hefðu skilað sér í ríkiskassann með beinum eða óbeinum hætti.

**Einhver** verður að axla ábyrgð á þessum starfsháttum.

## 25,6

**PRÓSENT HÆKKUN Á BRÉFUM**

Hlutabréfamarkaðir viðsvegar um heiminn hafa verið sveiflukenndir frá byrjun árs og hefur gengi sumra hlutabréfa lækkað verulega. Í Íran hafa hlutabréf hins vegar rokið upp. Hlutabréf í Teheran hafa hækkað um 22 prósent frá því að viðskiptaþvingunum var aflétt og um 25,6 prósent það sem af er ári.

## 8,5

**PRÓSENT HÆKKUN Á ÍBÚÐAVERDI**

Visitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 8,5 prósent á síðasta ári samkvæmt tölum frá Þjóðskrá. Visitalan var 451,4 stig í janúar 2016 (janúar 1994=100) og hækkaði um 0,6 prósent frá fyrri mánuði. Síðastliðna 3 mánuði hækkaði visitalan um 2,3 prósent, og síðastliðna 6 mánuði um 4,4 prósent.

11.2.2016



Það er mat ráðherra að umræða undanfarinna vikna vegna sölu Landsbankans á hlut sínum í Borgun sé til þess fallin að skaða bankann. Því sé nauðsynlegt áður en lengra er haldið í því ferli að hvaðeina er máli skiptir og varðar sölu Landsbankans á Borgun verði upplýst og málið afgreitt með þeim hætti að traust til bankans og stjórnenda hans verði tryggt.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.



# Baðherbergisdagar!



Sturtuhorn án botns  
Verð frá 30.500



Sturtuhorn með botni  
Verð frá 35.100



Sturtuklefar úr hertu öryggisglieri með 16 hjólum, sturtustangarsetti, og heilum hornlista. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás.



Mikið úrval baðinnréttinga með postulínshandlaug  
Stærð frá 45 til 120 cm.  
Verð frá 45.300



Speglaskápar með ljósi  
verð frá 20.400



Handklæðaofnar  
verð frá 11.671



WC í vegg/gólf með mjúkkloku  
verð 31.519

Salerni frá Ceramics gala 30 ár á Íslandi



Salerniskálar með setu margar gerðir, verð frá 16.900



Glæsilegt úrval blöndunartækja  
verð frá 8.900



Innrétting með handlaug 45 x 31 cm. verð 26.690

# Gæði, úrval og gott verð!

## i-t.is

Opið virka daga frá 9 til 18 laugardaga 11 til 15  
Ármúla 31 - Sími 588 7332



- fyrir þitt heimili